

Vilja eitrað dekkjakurl burt

„Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi dagana 21. og 22. október 2010, skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja nú þegar þingsályktunartillögu um bann við notkun á gúmmíkurlri úr ónýtum dekkjum á gervigrasvöllum hérlandis.“

Þannig hefst ályktun sem Þórarinn Guðnason hjartalæknir og varaformaður Læknafélags Íslands bar upp á aðalfundinum og var samþykkt einróma.

„Í dekkjakurlri eru krabbameinsvaldandi efni og önnur eitrefni sem geta verið hættuleg fyrir börn og aðra iðkendur íþróttá á gervigrasvöllum. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er mælt með takmörkun á notkun dekkjakurla vegna þessara efna. Slíkar takmarkanir eru í Þýskalandi og Svíþjóð. Norðmenn hafa rannsakað nokkuð og bent á hættuna á umhverfisáhrifum af kurlinu á nærlendi gervigrasvalla. Það er viðurkennt að í hjólbörðum eru ýmis eitrefni sem meðhöndla verður af varúð. Skýrar reglur eru til staðar um meðhöndlun og förgun ónýtra hjólbarða en þegar búið er að kurla dekkinn niður og dreifa þeim á íþróttasvæði barna og unglunga gilda reglurnar ekki. Þó er ljóst að eitrefnin eiga mun greiðari leið út í umhverfið úr dekkjakurlinu en þegar þau eru bundin í heila hjólbarða,“ segir Þórarinn.

Hann bendir á að brennsla hjólbarða er bönnuð vegna þess að með því berast eitrefnin út í andrúmsloft og umhverfi. „Vandséð er að betra sé að dekkjunum sé fargað með því að kurla þau og dreifa síðan á stór landsvæði þar sem börn eru að leik, og efnin seytra svo út í umhverfið og geta eitrað jarðveg og grunnvatn í langan tíma.“

Í ályktun Læknafélags Íslands kemur fram að í dekkjakurlri eru ýmis eitrefni sem vitað er að valda skaða. „Þetta eru efni eins og Benzapyren sem er krabbameinsvaldandi, dietyxhexylftalat og butylbenzylftalat sem valda ófrjósemi, fenol sem safnast fyrir í náttúrunni og hefur langtímaáhrif þar, zink sem í of hárrí þéttni er eitrað fyrir lífverur, og blý sem veldur ófrjósemi og skemmdum á taugakerfi en börn eru sérstaklega næm fyrir



„Þegar búið er að kurla dekkinn niður og dreifa þeim á íþróttasvæði barna og unglunga gilda reglurnar ekki,“ segir Þórarinn Guðnason.

áhrifum blýs. Sexgilt króm finnst einnig í hjólbörðum en vitað er að það efni veldur bæði ófrjósemi og krabbameini,“ segir í greinargerð með ályktuninni.

„Framleiðendur gervigrasvalla bjóða upp á hættulaust gúmmí sem val. Í sumum tilfellum er það sérframlétt fyrir gervigras og í öðrum lit, grátt eða grænt. Græna kurlað er um 5-6 falt dýrara en svart dekkjakurlað og þess vegna er því miður oftast ekki sparað með því að nota það ekki,“ segir Þórarinn.

„Fundurinn telur fulla ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af leik barna á þessu eitraða undirlagi. Höfum í huga að börn og unglingar dvelja oft daglangt við leik á íþróttavellinum, þau liggja þá gjarna í gervigrasinu og fá á húðina verulegt magn af svertu og efnunum úr hinu eitraða gúmmíkurlri. Þessi efni geta því setið á húðinni langan tíma,“ segir í niðurlagi ályktunarinnar.

„Hver ber ábyrgðina ef börnin verða fyrir heilsutjóni eða síðbúnum áhrifum eins og ófrjósemi,“ spyr Þórarinn.